

Skólaráðsfundur 28.apríl 2011

Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri setti fundinn kl.16.00

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Helga Guðjónsdóttir varamaður sem fulltrúi annarra starfsmanna en kennara, Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, , Jón Pálsson fulltrúi grenndarsamfélags og Ásta Steina Jónsdóttir deildastjóri ritaði fundinn.

Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra boðaði forföll.

Sjálfsmat skólans.

Skv. sjálfsmatsáætlun skóla er eineltiskönnun lögð árlega fyrir nemendur. Könnunin sem núna var lögð fyrir nemendur í 4.-10.bekk var kynnt en hún gefur til kynna að 3% nemanda hafi orðið fyrir einelti í skólanum. Þessi tala er samt mun lægri en t.d. Olweusarverkefnið skilgreinir sem „ásættanlega“ niðurstöðu. Farið var sérstaklega yfir hver eftirfylgni vegna þessarar könnunar verður háttað. Nokkrar umræður og sp. urðu um könnina.

Sjálfsmatsáætlunin gerir einnig ráð fyrir því að árlega verði könnun send til foreldra sem eiga nemendur í 2., 4., 7. og 10.bekk.

Stjórnun skólans á næsta ári kynnt

Fræðsluráð hefur framlengt því fyrirkomulagi sem var við skólann í vetur um eitt ár þ.e. að einn skólastjóri verði við stjórnvölin, stöðugildi deildarstjóra verði 4,5 og þar af verði einn staðgengill skólastjóra.

Úttekt verkfræðistofu á umferðarmálum við Lækjarhlíð og Baugshlíð

Tvo bréf þ.e. eitt frá foreldrafélagi skólans og annað sameiginlegt frá stjórnendum Lágafellsskóla, Huldubergi og Íþróttamiðstöðvar voru send fyrir páska til bæjarverkfræðings þar sem áhyggjum hagsmunaaðila vegna umferðar í kringum skólann er líst.

Búið er að funda einu sinni vegna málsins og 2 starfsmenn frá verkfræðistofu fylgdust með gangi mála tvo morgna bæði við Baugshlíð og inn á skólalóð við Lækjarhlíð.

Ýmsir möguleikar ræddir um betra aðgengi um umferðarmenningu en nú er.

Áhættumat

Sagt frá starfi Öryggisnefndar og starfi þeirra ásamt starfi Öryggistrúnaðarmanns. Skráningar og aðgerðaráætlun kynnt en á henni eru 4 atriði sem verið er eða þarf að laga. Fá atriði sem Vinnueftirlitið setur út á, sem betur fer. Rafsegulbylgjur hafa verið mældar og settur upp „kubbur“ í skólanum til að jafna segulóreiðuna sem var til staðar. Einnig hefur stöðurafragnir mælt mjög hátt á ákv. stöðum í húsinu. M.a. með því að skipta um gólfsápu og hreinsiefni hefur tekist að ná því niður.

Annað

-Gátlitar fyrir þá sem sitja í skólaráði afhentir.

-Jón tók að sér að senda stefnu íþrótt- og tómstundaráðs sem rætt var um á síðasta fundi 10/3 2011 áfram til Eddu Davíðs, tómstundafulltrúa bæjarins.

-Aðstaða í mötuneyti nemanda og eldhúsi nemanda skoðuð.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.30